

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1142	Glerárgötu 30	Elvar Steinn Traustason Rekstrarstjóri			
Samherji fiskeldi ehf. Núpsmýri Öxarfirði	600 Akureyri				
TilEfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Annað	24.6.2024	27.6.2024	16	0	0

Skoðuð voru og tekin afstaða til 2 skoðunaratríða af 10. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 2 skoðunaratríðum, þar af 2 Alvarleg frávik og 0 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik

Frávik

4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni

4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk

Niðurstaða eftirlits

Matvælastofnun barst tilkynning frá Samherja Fiskeldi mánudaginn 6. maí 2024 um óhapp sem gæti hafa leitt til stroks eldislax úr fiskeldisstöð þeirra í Silfurstjörnunni, Öxarfirði.

Strokið uppgötvaðist við eftirlit starfsmanna 6. maí er seiði sáust í settjörn stöðvarinnar en talið er að atvikið hafi átt sér stað 2. maí þegar vatnsyfirborð hækkaði í seiðakari með þeim afleiðingum að fiskur sogaðist út um yfirfallsop og yfir í frárennsliskassa. Líklegt er að dauðfiskarist á kassanum hafi ekki haldið fisknum frá niðurfalli og fiskur komist út úr stöðinni í frárennslisbrunn en þar er einnig grind sem á að varna því að fiskur komist gegnum frárennslis stöðvarinnar og yfir í settjarnir. Seiðin voru u.þ.b. 70-80 gr. og ósmoltuð. Ekki er hægt að útiloka að seiðin hafi smoltast í settjörn og komist út í sjó. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila fundust 868 seiði utan kers en óljóst var á þeim tímapunkti hversu mörg seiði struku í heild og þ.a.l. óljóst hve mörg seiði bárust í settjörnina.

Rekstraraðili brást við og hóf veiðar seiða í settjörn en ekki hefur verið staðfest að öll seiði hafi náðst úr settjörn. Matvælastofnun óskar eftir því að fá tilkynningu þegar öll seiði hafa verið veidd úr settjörn.

Við rannsókn málsins hjá Matvælastofnun kom í ljós að rekstraraðili gat ekki gert grein fyrir 5.196 fiskum og dregur Matvælastofnun þá ályktun að það sé sá fjöldi seiða sem mögulega hafi smoltast í settjörn og strokið út í sjó.

Rekstraraðili hefur unnið að úrbótum vegna fiskheldni stöðvarinnar en Matvælastofnun mun engu að síður kalla eftir tímasettri úrbótaáætlun og fylgja eftir að úrbótum hafi verið sinnt í eftirfylgni eftirliti.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til matvælaráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslulækara skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 590/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Samherji fiskeldi ehf. Núpsmýri Öxarfirði
Glerárgötu 30
600 Akureyri
Staða: Í gildi
Kennitala: 6104061060

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 1 2
Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð - 1 2

Tengiliðir

Heiðís Smáradóttir	6609010	heiddis@samherji.is	Gæðastjóri
Thomas Helmig	847-3572	thomas@samherji.is	Eldisstjóri
Elvar Steinn Traustason	6936329	est@samherji.is	Rekstrarstjóri

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

4.2 - Landeldi

12 og 19.gr. reglugerðar 540/2020 og skilyrði rekstrarleyfis

4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni

Sett inn: 27.06.2024

Alvarlegt frávik

Ljóst er að fiskeldisstöð var ekki útbúin eldisbúnaði sem var nægjanlega fiskheldur.

4.3 - Strok

45.gr. og viðauki IV. í reglugerð nr. 540/2020

4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk

Sett inn: 27.06.2024

Alvarlegt frávik

Fiskeldisstöðin var ekki útbúin næganlega fínofnum netum til að fanga þau seiði sem struku úr stöðinni, sbr. viðauki IV rgl. nr. 540/2020 þar sem segir um framkvæmd veiða: Samkvæmt lögum um fiskeldi er rekstrarleyfishafa skylt að grípa til allra þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru og í hans valdi standa til þess að varna því að stork valdi vistfræðilegu tjóni. Er honum í því skyni m.a. skylt, þrátt fyrir friðun á villtum fiski á svæðinu og án tillits til réttar eigenda sjávarjarða í netlögum, að gera allt sem í hans valdi stendur til að slíkur fiskur verði veiddur á svæði innan 200 metra frá stöðinni. Skal hver eldisstöð eiga og viðhalda nauðsynlegum búnaði í því skyni.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókváeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.